

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Gjafasjóð Sigurðar Sigurðssonar barna kennara frá Mýrarhúsum«,** útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála- 26. maí ráðherra Íslands 26. maí 1919. Skipulagsskráin er þannig:

# Skipulagsskrá

## fyrir „Gjafasjóð Sigurðar Sigurðssonar barnakennara frá Mýrarhúsum.“

### 1. gr.

Sjóður þessi, sem er að upphæð kr. 3396.25, er stofnaður með arfleiðsluskrá barnakennara Sigurðar Sigurðssonar frá Mýrarhúsum í Seltjarnarneshreppi, er andaðist 13. aprílmánaðar 1915, dagsettri 5. júlímánaðar 1897.

### 2. gr.

Stofnfje sjóðsins skal lagt í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal standa þar sem óhreifanlegur sjóður, er sje eign barnaskólans á Seltjarnarnesi, og standa undir þriggja manna stjórn, sem sje sýslumaannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dómkirkjuprestsins í Reykjavík og hreppsnefndaroddivítans í Seltjarnarneshreppi.

### 3. gr.

Vöxtum sjóðsins skal varið eins og hjer segir:

- I. a) 1 % vaxtanna skal leggja árlega við höfuðstólinn.
- b) 15 krónum, er skifta skal í þrjá jafna hluta, skal varið til verðlauna við hið árlega vorpróf barnaskólans í Seltjarnarneshreppi handa þrem börnum, er gengið hafa á skólann undanfarinn vetur, sýnt iðni og ástundun við námið, hegðað sjer ágætlega og sýnt það við vorprófið, að þau hafa tekið góðum framförum um veturinn.

Stjórnarnefnd skólans og kennarar ákveða hverjum börnum skuli hlotnast verðlaun þessi í hvert skifti.

- II. a) 100 kr. skulu árlega veittar efnilegum unglingi, er verið hefir í barnaskóla Seltjarnarneshrepps í 3 ár að minsta kosti, þar af 1 ár í efstu deild skólans, sýnt iðni og ástundun við nám sitt og hegðað sjer ágætlega, til þess að afla sjer frekari mentunar á kennaraskóla, gagnfræðaskóla eða kvennaskóla. Enginn skal njóta þessa styrks í meira en 2 ár. Stjórnarnefnd sjóðsins úthlutar styrknum. Það, sem kann að vera fram yfir 100 kr. af vöxtunum, þegar þeim hefir verið ráðstafað eins og fyr segir í skipulagsskrá þessari, skal lagt við höfuðstólinn.
- b) Þegar vextirnir eru orðnir 200 krónur, skal veita tveimur unglingum styrk á þann hátt og með þeim skilyrðum, er sagt er í II. a) hjer að framan, og þegar vextirnir eru orðnir 300 krónur, skal veita þremur unglingum styrk til frekari mentunar á sama hátt og með sömu skilyrðum.

**66**  
26. maí

c) Því sem fram yfir er 300 krónur, ráðstafar stjórnarnefnd sjóðsins í þarfir barnaskóla á Seltjarnarnesi eða barnafræðslu þar, eftir því sem hún telur heppilegt vera.

4. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins gefur árlega sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu skýrslu um hag sjóðsins.

Reykjavík, 22. janúar 1919.

*Magnús Jónsson,*  
sýslumaður.

*Jóhann Þorkelsson*  
(dómkirkjuprestur).

*Guðmundur Olafs*  
(oddviti).

**67**  
27. maí

## Ánglýsing

### um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á

### lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,

14. desember 1908, er samið hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar:

»Síðasta málsgrein 7. gr. samþykktarinnar falli burtu, en í stað hennar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sést drukinn á almannafæri, og hver, sem verður sekur um það, skal sæta sektum, er ekki séu lægri en 50 kr.»

Ákvæði þetta öðlast gildi 1. júní 1919.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

**Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 27. maí 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Björn Þórðarson*  
settur.